



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

FERÐ FORSETA ÍSLANDS TIL DANMERKUR, EISTLANDS OG FINNLANDS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur í dag til Danmerkur þar sem hann á kveðjufund með Margréti Þórhildi Danadrottningu.

Á þriðjudaginn flýgur forseti til Tallinn og á fund með forseta Eistlands, Alar Karis. Daginn eftir fer hann í boði Karis í ferð um nyrsta hluta Eistlands, m.a. til borgarinnar Narva á landamærum Eistlands og Rússlands.

Á fimmtudaginn tekur forseti þátt í opnunarpallborði Lennart Meri ráðstefnunnar í Tallinn ásamt forseta Eistlands, varaforseta Evrópuráðsins og fleirum. Viðburðurinn er haldinn árlega og snýst öðru fremur um utanríkis- og öryggismál. Ráðstefnan er kennd við Lennart Meri sem var utanríkisráðherra Eistlands þegar landið endurheimti sjálfstæði sitt við hrun Sovétríkjanna og forseti landsins árin 1992–2001.

Á föstudag heldur forseti til Helsinki og á þar fund með forseta Finnlands, Alexander Stubb. Þaðan fer hann til Oulu í norðurhluta landsins. Þar verður forseti sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við háskóla borgarinnar og flytur hátíðarræðu af því tilefni.

Forseti kemur til Íslands á sunnudag.

13. maí 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).